

# Lög

um breytingu á ábúðarlögum, nr. 80/2004 (úttekt og yfirmat).

---

1. gr.

Við 42. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Úttektarmenn skulu birta málsaðilum niðurstöðu úttektar eins fljótt og unnt er.

2. gr.

Í stað orðanna „frá dagsetningu úttektar“ í 1. mgr. 44. gr. laganna kemur: frá því að málsaðilum hefur verið birt niðurstaða úttektar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. maí 2018.*